

LANDSFUNDUR LEB 2021



LEB

Landssamband
eldri borgara

HÓTEL SELFOSS 26. MAÍ 2021

DAGSKRÁ LANDSFUNDAR LEB 2021

09.30 Afhending fundargagna og skráning

10:15 Setning landsfundar

Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður LEB

Ávarp

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og bæjarstjóri Hveragerðis

10:35 Kosning starfsmanna fundarins

- Kosning tveggja fundarstjóra

- Kosning tveggja fundarritara

- Kosning kjörbréfanefndar

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur yfirfarinn

Niðurstaða kjörbréfanefndar

Kynning þingnefnda

- Kjaranefnd

- Velferðarnefnd

- Laganefnd

Umræða um skýrslu stjórnar og afgreiðsla ársreikninga

Lagabreytingar

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun

Tillaga um árgjald 2021

Afgreiðsla tillögu um árgjald

12:00 Hádegisverður

12:45 Kynntar stjórnarályktanir og aðsendar ályktanir

13:00 Starf málefnanefnda

- Kjaranefnd
- Velferðar- og heilbrigðisnefnd
- Laganefnd

14.15 Afgreiðsla mála

14.35 Kosningar

- a) kosning formanns
- b) kosning 2 aðalmanna í stjórn til 2ja ára og 3ja varamanna í stjórn til 1 árs
- c) kosning 2 skoðunarmanna ársreiknings LEB og 2 til vara

15:00 Kaffihlé

15:30 Ör - Fræðluerindi

- a) **Eitt öflugt félag eða mörg veik?**
Guðrún Eyjólfsdóttir formaður Félags eldri borgara Suðurnesjum
- b) **Hagnýtar upplýsingar fyrir aðildarfélög LEB**
Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB
- c) **Ellilífeyrir til fólks með skerta búsetu á Íslandi - Nýtt átak: Sjálfbóðaliðar**
Þórunn Sveinbjörnsdóttir fráfarandi formaður LEB

16.10 Önnur mál

16.30 Fundi slitið

Eftir Landsfund – allir velkomnir:

kl. 17.15 Heimsókn í glæsilega félagsmiðstöð Félags eldri borgara á Selfossi

Kl. 18.30 Móttaka í boði sveitarfélagsins Árborgar

Kl. 19.15 Kvöldverður

Munið að kaupa kvöldverðarmiða sem fyrst og ekki síðar en í hádegisverðarhléi.

Skýrsla stjórnar LEB fyrir starfsárið 2020 - 2021

Skýrsla stjórnar LEB er nú öllu lengri en venjulega þar sem miklar breytingar verða á stjórn LEB vorið 2021 á landsfundi.

Sérlega merkilegt ár er að baki ef litið er til áhrifa Covid-19 á land og þjóð og allan heiminn. Þessi fáheyrða vá brast á í lok janúar 2020. Allir stóðu á öndinni og nú þurfti mikla aðlögun að breytingum á öllu starfi félaga innan Landssambands eldri borgara. Viðbrögðin voru frábær hjá okkar fólki. Allir lögðust á eitt í smitvörnum og að sveigja starfið að þeim takmörkunum sem síðan brustu á. Allflestir sátu við sjónvarpið á daginn þegar þrjú kíló gáf skýrslu um stöðu mála. Veikindi jukust og Landsspítalinn var að fara í þrot um tíma. Kári Stefánsson kom inn í málin og bauð aðstoð við skimanir. Lífið fór hreinlega á hvolf. En viðbrögðin í að vernda eldra fólk skilaði miklu þrátt fyrir að nokkur dauðsföll yrðu, því miður. Samstaða og yfirburða þolgæði eldra fólks hélt út. Það leið að vori og loks sá til sólar í maí. Dregið var úr takmörkunum og félög eldra fólks fóru að huga að ársfundum. En þessu var ekki lokið haustið varð mörgum þungbært í nýrri bylgju.

Landsfundur á tímum Covid

Landsfundur LEB 2020 var loks haldinn 30. júní á Hótel Sögu þar sem hægt var að hafa rúmt á fólki og staðurinn heppilegur til fundahalda. Á fundinn mættu 123 manns og í kvöldverð urðu 115 manns. Nokkrir afboðuðu sig vegna veirunnar. Ávarp í upphafi fundar flutti Eliza Reed forsetafrú og var henni mjög vel fagnað. Mikil vinna á Landsfundinum í málefnum eldra fólks var samkvæmt dagskrá sem er bundin í lög LEB. Ályktanir voru settar í nefndir og voru tveir hópar að störfum, annars vegar um kjaramálin og hins vegar um heilbrigðis- og velferðarmálin. Laganefnd var að störfum og voru lagabreytingar krufnar til mergjar en nokkar breytingatillögur lágu fyrir. Hver hópur um sig skilaði til fundarins lokaniðurstöðum. Magnús Norðdhal lögmaður ASÍ var fundarstjóri og stóð sig með sóma. Ritarar: Hildigunnur Hlíðar og Hallgrímur Gíslason. Landsfundur er alltaf áfangi og sérstaklega þegar vel gengur. Nokkir stjórnarmenn hættu og nýir komu inn. Þau sem hættu voru Ellert B. Schram, Drífa Sigfúsdóttir og Ólafur Örn Ingólfsson. Inn í stjórn komu Ingibjörg H. Sverrisdóttir, Þorbjörn Guðmundsson og Guðfinna Ólafsdóttir. Þessi stjórn hefur unnið vel saman og mátt sæta því að halda æði marga fundi á netinu. Ýmist á Teams eða Zoom. Tæknifærni hefur farið ört vaxandi. Frá Landsfundinum komu skýr skilaboð um kjör eldra fólks úr aðildarfélögum LEB um að löngu væri komið nóg af skerðingum og vanefndum loforðum. Skilaboðin eru skýr og afdráttarlaus.

Að loknum Landsfundi

Stjórn LEB átti nokkra fundi með staðarmætingu á haustdögum en síðan komu næstu Covid-19 bylgjur sem kölluðu á netfundi. Yfirleitt gegnu þeir vel. Milli ársfunda voru 11

stjórnarfundir. Almennt eru fundir vel sóttir og umræða góð. Dagskrá liggur fyrir og fólk fær send gögn eftir því sem til eru. Undir árslok gaf stjórn heimild til að leita að hentugra húsnæði. Að vera í litlu herbergi í Sigtúni 42 var komið í þrot. Leitað var nokkuð víða en niðurstaðan varð Ármúli 6 með herbergi sem er næstum tvöfalt á við það sem áður var. Þar rúmast vel tvö skrifborð og aðstaða til minni funda, auk aðgengis að stærri sölum fyrir fundi. Staðsetningin er mjög miðsvæðis og hentar því vel.

Fjármál LEB

Mörg undanfarin ár hefur reksturinn verið í klemmu. Fastir styrkir hættu og í stað þeirra var sótt um verkefnastyrki sem LEB fær umsýslugreiðslu af. En meiri velta og 100 krónu hækkun til LEB á síðasta landsfundi er að gera LEB kleyft að gera enn betur en áður hefur verið mörg undanfarin ár. Starfsmaður í hlutastarfi, Viðar Eggertsson, og formaður í hlutastarfi hækkar launakostnað töluvert. EN stóru útgjöldin á síðasta ári er kostnaður við rannsóknarskýrslur Skúla M. Sigurðssonar hagfræðings um kjör eldra fólks sem hefur verið vopn okkar í umræðum við stjórnvöld. Á mörgum okkar funda með stjórnamálamönnum og í nefndarstarfi hafa þau tölulegu gögn verulega stutt mál okkar um stöðu eldra fólks fjárhegslega. Önnur há upphæð fór í lögfræðikostnað við málaferli konu vegna starfsloka við 70 ára aldur og þó við mjög góða heilsu. Baráttan kostar. Útgáfan á blaði LEB var í hærri kantinum á árinu 2020 þar sem lítið náðist í af auglýsingum. Það telst því eðlilegt að eitt ár sé dýrara en annað.

Starfshópur um líf skjör og aðbúnað aldraðra

Skipaður var nýr starfshópur á vormánuðum vormánuðum og tók til starfa 19. sept 2019 en nú með breiðari skírskotun við aðfjalla um líf skjör og velferð eldra fólks. Nú mættu fleiri ráðneyti til leiks en frá LEB voru skipuð í starfshópin: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Haukur Halldórsson og Þorbjörn Guðmundsson.

Starfshópurinn hefur haldið 10 fundi og marga þeirra á Teams eða Zoom. Síðast liðið haust varð samkomuleg um að skipta hópnum í 2 hluta þar sem kjaramálaumræðan kallaði á heila fundi hverju sinni. Haukur og Þorbjörn tóku þann hluta en Þórunn velferðina og félagsmálin.

Margir góðir gestir komu með fræðslu til starfshópsins s.s. Berglind Magnúsdóttir skrifstofustjóri öldrunarmála hjá Reykjavíkurborg um áhrif samþættingar heimahjúkrunar og heimilishjálpar. Halldór Guðmundsson framkvæmdastjóri Hlíðar á Akureyri fjallaði um velferðartækni og þörf á innleiðingu hennar. Guðlaug Einarsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu fjallaði um álitamál í heilbrigðishluta umræðnanna og stöðu hjúkrunarheimila. Starfshópurinn á að ljúka störfum nú á vormánuðum með skýrslu og tillögum til úrbóta í málefnum eldra fólks á Íslandi. Nokkuð góð samstaða er um margt en víða þarf að stykja tillögur til úrbóta verulega en til ágreinings gæti komið um tillögur í kjaramálum eldra fólks.

NOPO-NSK

Norrænt samstarf landsambanda eldra fólks á Norðurlöndunum.

Árlega eru haldnir 2 fundir á ári í einhverju Norðurlandanna en nú í ástandi Covid-19 var staðfundum frestað en í staðinn haldnir rafrænt. Í maí 2020 átti að vera fundur í Færeyjum en honum var frestað til haustsins. Og um haustið aftur frestað til vors 2021. Þá voru enn sóttvarnir og takmarkanir á fólksferðum í flestum landanna svo enn var frestað. Venjan er að annar fundurinn sé stjórnarfundur og voru þeir haldnir á netinu. Haustfundir eru yfirleitt með að hluta öflugra fræðsla á dagskránni. Nokkrar mannabreytingar hafa orðið á fulltrúum landanna á undanförunum árum en allt er þetta fólk sem er mjög öflugt í sínu landi. Cristina Tallberg er formaður og kemur frá PERO í Svíþjóð. Mjög virt í sínu heimalandi. Sú fræðsla sem LEB hefur tekið með til Íslands er m.a. fræðsla um einmanaleika og um öflugra fræðsu til eldra fólks til að öðlast betra tæknilæsi. Yfir 100 tölvuver í Danmörk urðu til að bæta verulega stöðu eldra fólks í tölvulæsi. Mikið af því er unnið af sjálboðaliðum. Virkjun fólks til að koma í sjálfbæðiastörf hefur líka haft áhrif hjá LEB.

Ýmis nefndarstörf

Landssambandið tilnefnir í fjölda nefnda og starfshópa og hefur það starf haldið áfram á veirutímum þó mun meira á netinu. Má hér nefna *Samstarfsnefnd um málefni aldraðra, Öldrunarráð Íslands, Samráðshópur með Tryggingastofnun ríkisins*. Guðrún Ágústsdóttir var tilnefnd í *Nefnd til að kanna þunglyndi meðal eldri borgara* í vetur og er starfi þess starfshóps að ljúka. *Starfshópur um réttindagæslu fyrir aldraða* fór af stað í vetur og er enn að störfum en áralöng barátta um að fá Umboðsmann aldraðra er nú í þessum farvegi ef það getur hugsanlega leitt til þess að fólk hafi aðgang að réttindavörslu og leiðbeiningum.

Ráðstefna um einmanaleika

„*Veistu ef vin þú átt*“ var yfirskrift ráðstefnu sem haldin var á Hótel Hilton Nordica og var mæting góð en henni var líka streymt og einnig tekin upp. Erindi ráðstefnunnar eru því aðgengileg á heimasíðu LEB. Allir sem leitað var til um að halda erindi komu til leiks. Frábær erindi og mun þessi ráðstefna hafa mikil áhrif m.a. inn í nám í HÍ þar sem æ fleiri eru að taka þessi mál til gagnarrar skoðunar. Næmar leita til LEB um viðtöl og er það ánægjulegt. Ráðstefnan var stykt með framlagi frá Heilbrigðisráðuneyti.

Styrkir til verkefna

Landsamband eldri borgara hefur sótt um hina ólíkustu styrki til verkefna. Nokkrum er að fullu lokið en þó nokkrir styrkir eru enn í vinnslu. Á landsfuninum í maí 2021 munu verða sýndar stíklur sem eru um umhverfisvæna eldri borgara en í það verkefni fékkst styrkur frá umhverfissráðuneytinu. Verkefnið ber heitið *Umbúðalausir eldri borgarar*. Einnig verður dreift um allt land með LEB blaðinu bæklingnum *Akstur á efri árum* og var hann unninn

með Samgöngustofu og tókst einstaklega vel. Nett dreifirit um símvini verður líka frumsýndur á Landsfundinum, en styrkur til hans var afhentur nú í vor sem hluti af átaki stjórnvalda: *Viðspyrna fyrir Ísland*. Þar köllum við eftir sjálfboðaliðum til að vera símvininir. Síðan eru nokkur verkefni í vinnslu og mun þeim ljúka síðar á árinu.

Rannsóknir

Á liðnum vetri voru kallaðir saman aðilar til umræðu um ofbeldi meðal eldra fólks. Verkefnið var unnið á greiningardeild Ríkislögreglustjóra en á þennan fund komu ýmsir fagaðilar og leikmenn og rætt var um hvað er vitað og hvað þarf að kanna betur. Fólk var sammála um að þessa umræðu ætti að opna því hún væri vel falin. Þarna væri kynslóð sem ber ekki sín mál á torg. Hinsvegar væru erlendar rannsóknir sem sýndu að þarna þurfi að laga til og opna umræðuna. Ýmislegt var nefnt, eins og andlegt ofbeldi, fjárhaglegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi og niðulægjandi umræða. Að þessum fundi loknum vann greiningardeildin skýrslu sem fólk las yfir og bætti í svo nú er til góð samantekt um málefni og um leið var opnað á að 112.is gæti verið leið fyrir eldra fólk og aðstandendur þeirra til úrlausnar.

Heilsuefling eldra fólks

Vegna Covid-19 fór af stað ný bylgja umræðu um nauðsyn hreyfingar og hvað hreyfing getur gert fyrir mannlíkamann. Á undanförunum árum hefur verið markvisst unnið að heilsueflingu í nokkrum sveitafélögum eftir leikreglum Dr. Janusar Guðlaugssonar. Samkvæmt rannsóknum á hverju þetta skilar þá má ætla að verið sé að seinka öldrun verulega og bæta líðan, bæði líkamlega og andlega. Fólk minnkar lyfjanotkun, sefur betur, vöðvamassi eykst, matarræði batnar og blóðþrýstingur lækkar. Hvað er hægt að gera betra? Öll hreyfing kemur að gagni en makviss þjálfun gerir þetta enn betur. Nú hefur LEB fengið styrk frá félagsmálaráðuneytinu til að auka heilsueflingu eftir Covid-19. Verið er að ganga til samninga um verkefnið.

Sýnileiki LEB

Seint á haustmánuðum stóð Öldrunarráð Íslands frammi fyrir því að geta ekki haldið ráðstefnu sína sem er árlega haldin í októbermánuði. Kom þá upp umræða um samstarf við LEB um nýja leið sem væri miðlun í sjónvarpi um málefni eldra fólks. Leitað var til RÚV og voru undirtektir mjög góðar og fékkst samþykki í stjórnnum beggja samtakanna að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd. Stefnt var á febrúarmánuð og gekk það eftir. Upptaka fór fram 9. febrúar og mætti til leiks stórskotalið til að fræða og ræða um brýnustu mál eldra fólks á sviði heilbrigðis- og velferðar. RÚV útvegaði sýningartíma á besta tíma dags og náðist ágætt áhorf og vakti þetta mikla athygli. Þátturinn bar heitið *Velferð eldri borgara* og er til á heimsíðu LEB og er það mikilvægt til að geta kynnt sér efni hans t.d. af

nemendum í tengdum greinum til fróðleiks. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra flutti opnuarávarp og síðan tók Jórunn Frímansdóttir formaður Öldrunarráðs við fundarstjórn og hún stjórnaði einnig umræðum í lok þáttarins. Stutt erindi fluttu: Berglind Magnúsdóttir skrifstofustjóri öldrunarmála á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Halldór S. Guðmundsson framkvæmdastjóri öldrunarheimila Akureyrar, Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur, Bjarni Karlsson sál-gætir og siðfræðingur, Pálmi V. Jónsson yfirlæknir öldrunarlækningadeild Landspítala og prófessor í öldrunarlækningum, Ólöf Guðný Gerisdóttir næringarfræðingur og Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður LEB.

Aðgerðahópur LEB

Síðsumars þegar störf hófust að nýju eftir gott sumar þá kom fram tillaga að því að ná saman hóp til að ræða um áherslur í málefnum eldra fólks. Hugsa þyrfti lengra fram á veginn þar sem kosningar yrðu eftir ár. Það var svo hin lúmska veira sem hægði á þessum samtölum en uppúr áramótum færðist á ný kraftur í þennan hóp sem þá var kallaður aðgerðahópur LEB. Stefnan var tekin á að setja saman áherslur sem hægt væri að ræða um við stjórn málflokka, samtök s.s. ASÍ og BSRB, einstök stéttarfélag og hagsmunaaðila. Eftir formannafund LEB sem haldinn var í mars þar sem þessar áherslur voru kynntar var ekkert að vanbúnaði að fara að boða fólk á fundi og fjalla um stöðu eldra fólk og hvar skóinn krepur. Nú eru búnir um 15 fundir sem hafa tekist mjög vel.

Kjaranefnd og velferðarnefnd LEB

Á haustmánuðum var að nýju stofnuð kjaranefnd. Leitað var til ýmissa aðila um setu í nefndinni. Drífa Sigfúsdóttir tók að sér að leiða nefndina. Nokkrir fundir hafa verið haldnir en Covid-19 hefur enn og aftur hindrað tölvvert. Nú liggur fyrir að á landsfundi mun kjaranefnd fara yfir stöðuna og kjaramálaályktun er lögð fram til umræðu, en þar eru tillögur aðgerðahóps gerðar að tillögum kjaranefndar. Velferðarnefnd LEB átti allmarga fundi í vor til undirbúnings ályktun fyrir Landsfundinn 2021. Dagbjört Höskuldsdóttir formaður nefndarinnar og fleiri söfnuðu gögnum um málefnið og útrá þeim var unnin ályktun sem nú liggur fyrir Landsfundinum.

Fræðslumál

Að læra alla ævi er yfirskrift Evrópuverkefnis sem er í raun endalaus símenntun. Vegna veirunnar hafa mörg námskeið legið niðri hjá aðildafélögum LEB. Sumarið 2020 voru veittir styrkir til sveitafélaga til að efla félagsstarf eldra fólks og var því víða mætt með tölvulæsi námskeiðum og þá komu kennsluhefti LEB fyrir spjaldtölvur sér vel. Nú á að endurtaka leikinn í sumar og reyna að ná til enn fleiri sem þá læra að nýta sér tæknina betur. Þörfin á að eldra fólk geti nýtt sér rafræn skilríki er mjög mikil og þurfa allir að standa saman við að efla þá leið. Starfslökanámskeið hafa verið haldin og eru nú eftir 2 slík námskeið út frá styrk frá félagsmálaráðuneytinu. Þau eru ávallt vinsæl og hafa hjálpað æði mörgum í að skilja

t.d. reglur T R. og eitt og annað tengt lífsstíl, fjármálum og mataræði til að halda góðri heilsu.

Næstu verkefni LEB

Brýnt að virkja enn betur eldra fólk í baráttu okkar allra fyrir mannsæmandi eftirlaunum; að geta lifað með reisn. Það er líka verk að vinna við að allt sem lýtur að al elsta fólkinu sé unnið af virðingu og sanngirni. Hjúkrunarheimilismálin eru stór mál og þar verða menn að bretta upp ermar til að auðvelda reksturinn. Nokkar leiðir eru færar. Útrýming á aldursfordómum er býsna stórt mál og þarf að fara í þá baráttu núna. Heilsuefling eldra fólks er afar þarft verkefni til þess m.a. að bregðast við fjölgun eldra fólks á næstu áratugum. Að lífið sé samfella og allar hindranir tengdar aldri verði felldar niður. 67 ára aldursviðmiðið var fundið upp fyrir hershöfðinga Bismarks. Það er kominn tími á breytingu. Við viljum hafa frelsi til að vinna ef við getum eða viljum. Vinna að því að allir skilji mannauðinn sem eldra fólk er.

Tekið saman fyrir stjórn af fráfarandi formanni Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur.

Landssamband eldri borgara

Ársreikningur 2020

kt: 600989-4059

Ármúla 6

108 Reykjavík

Áritanir

Áritun skoðunarmanns uppgjörs

Til félagsmanna og stjórnar:

Meðfylgjandi ársreikning Landssambands eldri borgara fyrir árið 2020 hef ég samið í samræmi við góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn inniheldur rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar/sundurliðanir.

Ég hef skipulagt og hagað vinnu minni í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða samtökin við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókum starfseminnar. Ákveðna liði ársreikningsins hef ég tekið til sérstakrar skoðunar.

Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd af minni hálfu.

Framsetning ársreiknings er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem mér eru kunnar og skipta máli koma fram í ársreikningnum.

Iðunn Bragadóttir, skoðunarmaður

Áritun skoðunarmanna

Meðfylgjandi ársreikning Landssambands eldri borgara fyrir árið 2020 höfum við undirritaðir kjómir skoðunarmenn yfirfarið og ekkert fundið athugunarvert. Ársreikningurinn inniheldur rekstrarreikning félagsins, efnahagsreikning og skýringar. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi rétta mynd af afkomu félagsins fyrir árið 2020, efnahag þess 31.12.2020 og sé í samræmi við lög félagsins.

Áritun stjórnar

Undirritaðir fyrir hönd Landssambands eldri borgara staðfesta ársreikning þennan fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur:			
Álögð aðildargjöld		19.726.900	15.738.600
Rekstrarstyrkur v. Covid		5.000.000	0
Umsýslutekjur v/ opinberir styrkir	14	135.000	1.082.540
Aðrir styrkir -styrktarlógo í blaði, MS og Olís	1	1.130.000	865.000
Auglýsingatekjur í Listin að lifa		754.510	1.918.000
Tölvukennslurit seld eintök		1.102.248	0
Aðrar tekjur - sérmerktir burðarpokar		4.500	0
	1	27.853.158	19.604.140
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	2	7.169.209	3.819.094
Aðkeypt þjónusta	3	6.138.819	2.194.462
Kostnaður v / Listin að lifa	4	5.996.899	5.897.937
Kostnaður v Afsláttarbók	5	3.106.600	0
Kostnaður við tölvukennslurit- prentun	6	970.946	0
Landsfundur / formannafundur	7	1.972.758	1.468.886
Framlag LEB til styrktarsjóðs aldraðra		200.000	400.000
Húsaleiga		1.732.178	1.862.223
Annar rekstrarkostnaður	8	5.931.184	6.108.299
		33.218.593	21.750.901
		(5.365.435)	(2.146.761)
Vaxtatekjur		182.231	438.650
Fjármagnstekjuskattur		(40.505)	(96.476)
Fjármagnsgjöld		(5.209)	(5.159)
		136.517	337.015
		(5.228.918)	(1.809.746)
Tap ársins		(5.228.918)	(1.809.746)
Tap ársins		(5.228.918)	(1.809.746)

Efnahagsreikningur 31.12.2020

Eignir

	Skýr.	2020	2019
Veltufjármunir:			
Útistandandi félagsgjöld		9.728.700	7.821.000
Ógjaldfærður kostnaður v/ styrkja frá VEL	10	2.676.943	989.955
Bankainnistæður	9	28.913.929	27.917.270
		<u>41.319.572</u>	<u>36.728.225</u>
Veltufjármunir		41.319.572	36.728.225

Eignir samtals 41.319.572 36.728.225

31. desember 2020

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2020	2019
Eigið fé:			
Oráðstafað eigið fé / (ójafnað tap)	13	18.882.458	24.111.376
Eigið fé		<u>18.882.458</u>	<u>24.111.376</u>
Skammtímaskuldir:			
Ógreiddur kostnaður	12	1.217.114	944.049
Tvígreidd aðildargjöld		0	52.800
Fyrirfr. Gr. Styrkir frá Velferðarráðuneyti	11	21.220.000	11.620.000
Skammtímaskuldir		<u>22.437.114</u>	<u>12.616.849</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>41.319.572</u></u>	<u><u>36.728.225</u></u>

Styrktarsjóður aldraðra

Ársreikningur 2020

kt: 600989-4059

Ármúla 6
108 Reykjavík

Áritanir

Áritun skodunarmanns uppgjörs

Til félagsmanna og stjórnar:


Meðfylgjandi ársreikning Styrktarsjóða aldraðra fyrir árið 2020 hef ég samið í samræmi við góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn inniheldur rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Ég hef skipulagt og hagað vinnu minni í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskodaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða samtökin við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókum starfseminnar. Ákveðna liði ársreikningsins hef ég tekið til sérstakrar skodunar.

Endurskodun hefur ekki verið framkvæmd af minni hálfu.

Framsetning ársreiknings er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem mér eru kunnar og skipta máli koma fram í ársreikningnum.

Reykjavík, 3. maí 2021



Þórunn Bragadóttir, skodunarmaður

Áritun skodunarmanna

Meðfylgjandi ársreikning fyrir Styrktarsjód aldraðra fyrir árið 2020 höfum við undirritaðir kjörnir skodunarmenn yfirfarið og ekkert fundið athugunarvert. Ársreikningurinn inniheldur rekstrarreikning félagsins og efnahagsreikning. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi rétta mynd af afkomu félagsins fyrir árið 2020, efnahag þess 31.12.2020 og sé í samræmi við lög félagsins.


Reykjavík, 3. maí 2021



Áritun stjórnar

Undirritaðir fyrir hönd Styrktarsjóðs aldraðra staðfesta ársreikning þennan fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. maí 2021



Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		4.079	34.361
Fjármagnstekjuskattur		(897)	(7.559)
		3.182	26.802
Rekstrarafkoma ársins		3.182	26.802

Efnahagsreikningur 31.12.2020

Eignir

	2020	2019
Veltufjármunir:		
Bankainnistæða	1.730.733	1.727.551
Veltufjármunir	1.730.733	1.727.551
Eignir samtals	1.730.733	1.727.551
Eigið fé:		
Óráðstafað eigið fé / (ójafnað tap)	1.727.551	1.300.749
Afkoma félagsins	3.182	426.802
Eigið fé	1.730.733	1.727.551
Skuldir og eigið fé samtals	1.730.733	1.727.551



Tillaga að lagabreytingu.

Breytingartillaga lögð fram 25. mars 2021 frá Félagi eldri borgara í Hafnarfirði á 1. mgr 11. gr. laga um Landssamband eldri borgara sem samþykkt voru á aðalfundi LEB 30. júní 2020.

Samkvæmt gildandi lögum LEB hljóðar málsgreinin svo:

11.gr. Fjármál

11.1. Aðildarfélög LEB skulu greiða árgjöld til sambandsins af öllum félagsmönnum sínum m.v. síðustu áramót. Landsfundur ákveður upphæð árgjalds.

Greinargerð.

Mörg félög innan LEB innheimta ekki félagsgjöld af þeim félagsmönnum sem náð hafa 90 ára aldri.

Til að samræma innheimtu félaganna á félagsgjöldum og þeim aðildargjöldum sem þeim ber að greiða til Landssambandsins leggur Félag eldri borgara í Hafnarfirði til að 1. málsgrein 11. greinar laga um taki eftirfarandi breytingum:

11. gr. Fjármál

*11.1. Aðildarfélög LEB skulu greiða árgjöld til sambandsins af öllum félagsmönnum sínum **nema þeim sem náð hafa 90 ára aldri** m.v. síðustu áramót. Landsfundur ákveður upphæð árgjalds.*

Samþykkt á stjórnarfundi FEBH 18. mars 2021 um að leggja tilgreinda breytingartillögu fyrir aðalfund LEB sem áætlað er að halda 26. maí 2021.

Með bestu kveðju,

fyrir hönd stjórnar FEBH

Valgerður Sigurðardóttir, formaður.

Eldra fólk vill hafa áhrif á eigið líf

Ályktun kjaranefndar og stjórnar LEB á landsfundi 2021

Bætt líf skjör eldra fólks

Almenna frítekjumarkið verði 100.000 kr. Eftirlaunafólk fái að vinna eins og því sýnist án skerðinga í almannatryggingakerfinu og njóti afraksturs vinnu sinnar eins og aðrir. Lágmarkslífeyrir verði aldrei lægri en umsamin lágmarkslaun á almennum vinnumarkaði. Ellilífeyrir og frítekjumörk hækki árlega samkvæmt launavísutölunni sem Hagstofa Íslands gefur út.

Burt með aldurstakmarkanir

Það er réttlætismál að eldra fólk fái að miða starfslok sín við áhuga, færni og getu en þurfi ekki að hætta virkri þátttöku í atvinnulífinu eingöngu vegna aldurs. Aldursmismunun er bönnuð samkvæmt stjórnarskrá. Skorað er á alþingismenn að fella úr allri lagasetningu ákvæði um aldurstengdar viðmiðanir, en leggja þess í stað áherslu á þekkingu, reynslu, hæfni og menntun fólks óháð aldri.

Að lifa heima með reisn

Til að eftirlaunafólk geti lifað heima hjá sér með reisn, er lagt til að ríki og sveitarfélög stóruaki samvinnu sína með það að markmiði að heilsugæslan verði vagga öldrunarþjónustunnar. Öll fjárframlög taki mið af þessu. Heilsugæslan nálgist eldra fólk fyrr á lífsleiðinni með samhæfðri teymisvinnu lækna, hjúkrunarfræðinga og félagsþjónustu sveitarfélaga og haldi því sambandi. Velferðartækni ætti að vera mikilvægur þáttur í öryggi í heimahúsum eldra fólks. Þáttur aðstandenda verði metinn með umönnunarálagi. Stofnun öldrunargeðdeildar er forgangsmál.

Fjölbreyttari búsetuúrræði

Ljóst er að búseta á eigin heimili hentar ekki öllum. Reynslan hefur sýnt að það vantar sárlega millistig milli búsetu á eigin heimili og hjúkrunarheimili. Búsetuúrræði þess fólks sem lendir þarna á milli eru alltof fábreytt. Efla þarf dvalarheimilisstigið á ný og sambýli eldra fólks.

Fjármunum Framkvæmdasjóðs aldraðra verði einungis varið til byggingar stofnana fyrir aldraða og til að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem notað er til þjónustu við þá eins og kveðið er á um í lögum.

Endurskoðun laga

Um málefni sem varða eldra fólk sérstaklega gilda of margir og of sundirleitir lagabálkar, þar á meðal almannatryggingalögin. Einfalda þarf lagaumhverfið og gera það skilvirkara, meðal annars með því að skilja að lög um eldra fólk og öryrkja. Tryggja þarf aðkomu eldri borgara að þeirri endurskoðun.

Kjararáð félags eldri borgara í Rangárvallasýslu samþykkti á fundi sínum 15. apríl 2021 að senda inn tillögu til umfjöllunar á Landsfund LEB áætlaðan á Selfossi 26.maí n.k. vegna ákvæða laga um að tillögur berist „a.m.k. mánuði fyrir fundinn“ Eftirfarandi tillögu mun undirritaður væntanlegur fulltrúi á landsfundinum, formaður kjararáðs flytja:

Tillaga til landsfundar LEB 26. maí 2021

Landsfundur LEB haldinn á Selfossi 26. maí 2021 samþykkir að stjórn LEB skoði möguleika á framboði eldra fólks til alþingis 2021, verði engar lagfæringar gerðar á lögum á þessu þingi, s.s. um afnám skerðingar á greiðslum almannatrygginga (TR) til eldri borgara vegna atvinnutekna umfram kr. 100.000.- og að 45% skerðingarprósenta á greiðslum TR lækki verulega vegna greiðslna frá lífeyrissjóðum og af fjármagnstekjum umfram kr. 25.000.-á mánuði.

Greinargerð

Þar sem fullreynt virðist að ná fram leiðréttingum á kjörum þeirra eldri borgara, sem verst eru settir fjárhagslega, þá er lögð fram þessi tillaga um framboð eldra fólks. Sé tekið mið af fjölda þeirra sem voru á kjörskrá 2020, má gera ráð fyrir að kjósendur 60 ára og eldri séu um 73 þúsund, sem eru tæplega 30% af þeim sem eru á kjörskrá. Núverandi og fyrrverandi stjórnarflokkar hafa nær engar lagfæringar gert á lögum um almannatryggingar frá hrúni 2008 um skerðingar á þeim greiðslum, sem jafnframt hafa ekki heldur fylgt launaþróun öll þessi ár, þrátt fyrir munnleg og skrifleg loforð um lagfæringar og bætur fyrir kosningar.

Framboðið hafi það markmið fyrst og fremst, að ná fram ýmsum réttarbótum og lagfæringum á lögum almannatrygginga fyrir eldra fólk og að starfa aðeins eitt kjörtímabil á alþingi, nái framboðið kjöri alþingismanna til alþingis. Framboðið verði óháð stjórnámálaflokkum, en taki afstöðu til einstakra mála út frá hagsmunum eldra fólks.

Verði engar lagfæringar gerðar á lögum á þessu þingi, sé stjórn LEB falið að kynna tillögu um þetta framboð á félagsfundum í öllum félögum eldri borgara í landinu og leita þar eftir samþykkt þessarar framkvæmdar ásamt stuðningi félagsmanna um framkvæmdina. Í ljósi viðbragða frá þessum fundarhöldum, taki stjórnin síðan ákvörðun um hvort á þetta verði reynt. Framkvæmdin verður að bera með sér að ekki sé vegið sérstaklega að einum stjórnámálaflokki umfram aðra, heldur sé hér um nauðvörn að ræða í eitt einstakt skipti, til að ná fram breytingum á ýmsum lögum, sem skerða í dag réttarstöðu og eignarstöðu eldri borgara.

Hellu 28.4.2021

Til stjórnar og Kjaranefndar LEB

Stjórn Félags eldri borgara í Rangárvallasýslu - FEBRANG tók þátt í rafrænum formannafundi LEB 13.3.2021. Á þeim fundi voru samþykkt einróma „Áhersluatriði eldra fólks í komandi Alþingiskosningum“. Stjórn FEBRANG studdi samþykktina og gerði tillögu til Kjaranefndar LEB um kynningu á samþykktinni í minnisblaði sem heitir „Miðlun „áhersluatriða“ í málefnum eldri borgara“, dags 6.4.2021. Minnisblaðið fylgir hér með.

Stjórn FEBRANG telur afar mikilvægt að eldri borgarar standi saman að kröfugerð til stjórnvalda og tali einum rómi. Stjórnvöld hafa kvartað yfir ósamræmi í kröfugerð okkar þannig að erfitt sé að vita hvað við viljum. Nú bregður svo við að meiri hluti aðildarfélaga LEB, Kjaranefnd og stjórn LEB eru sammála um kröfugerð fyrir komandi Alþingiskosningar.

Okkur þykir miður að nefnd í félagi okkar sem kölluð er Kjararáð óskar nú eftir að leggja fyrir landsfund LEB 2021 eftirfarandi tillögu:

„Landsfundur LEB haldinn á Selfossi 26. maí 2021 samþykkir að stjórn LEB skoði möguleika á framboði eldra fólks til alþingis 2021, verði engar lagfæringar gerðar á lögum á þessu þingi, s.s. um afnám skerðingar á greiðslum almannatrygginga (TR) til eldri borgara vegna atvinnutekna umfram kr. 100.000.- og að 45% skerðingarprósenta á greiðslum TR lækki verulega vegna greiðslna frá lífeyrissjóðum og af fjármagnstekjum umfram kr. 25.000.-á mánuði“.

Kjararáði FEBRANG var vel kunnugt um samþykkt formannafundar LEB (og stjórnar FEBRANG) áður en tillaga þessi kom fram. Við teljum að tillaga Kjararáðs sé ekki til annars en að skapa upplýsingaóreiðu í kjarabaráttunni, enda meiri hluti aðildarfélaga búin að samþykkja sameiginlega stefnu.

Stjórn Félags eldri borgara í Rangárvallasýslu - FEBRANG

Jón Ragnar Björnsson Þórunn Ragnarsdóttir Sigrún Ólafsdóttir

(sign)

(sign)

(sign)

Svavar Hauksson Þorsteinn Markússon
(sign) (sign)

Ásdís Ólafsdóttir Vilborg Gísladóttir
(sign) (sign)

Ályktun frá velferðarnefnd 2021 til Landsfundar LEB

Inngangur

Landssamband eldri borgara hefur unnið öflugt starf við að kynna og vekja athygli stjórnvalda á stöðu eldri borgara. Við viljum útrýma aldursfordómum og aldurstakmörkunum Landsfundurinn bendir á að aldursmismunun er óheimil samkvæmt stjórnarskrá.

Okkar krafa er að allir sem komnir eru á efri ár hafi jafnan aðgang að félags- og heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag og hvar þeir búa.

Landsfundurinn krefst þess að við eldra fólk sé talað af virðingu og að ekki sé talað niður til þessa sístækkandi hóps, en viðurkennt að eldri borgarar eru dýrmætur hluti samfélagsins og eiga það skilið að skoðanir þeirra séu virtar.

Hjúkrunarheimili og heimahjúkrun

Talsvert hefur áunnist í byggingu hjúkrunarheimila, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Það er fagnaðarefni, en betur má ef duga skal og leggur Landsfundurinn mikla áherslu á nauðsyn áframhaldandi uppbyggingu hjúkrunarheimila. Enn er langt í land og bendum við á, í því efni, vanda sjúkrahúsanna við að útskrifa eldri sjúklinga. Skipulegt samráð og samvinna þarf að vera á milli ríkis og sveitarfélaga um alla þjónustu sem snýr að eldri borgurum. Bent er á að mjög margir eldri borgarar eru bundnir yfir veikum maka, og mikil þörf er á auknum stuðningi við þann viðkvæma hóp.

Brýnt er að samþætta hjúkrunar- og heimþjónustu um land allt, ekki síst með teymisvinnu, af því er augljós hagræðing, ekki síst fyrir notandann.

Skortur á kvöld- og helgarþjónustu er víða um land en slík þjónusta ásamt auknu framboði að dagvistun er lykillinn að því að fólk geti búið lengur heima. Ekki má heldur gleyma mikilvægi geðverndar, iðjuþjálfunar og tannverndar á hjúkrunarheimilum sem víða er ábótavant.

Velferðartækni

Það er opinber stefna að það eigi að gera eldri borgurum sem vilja og geta, kleift að búa heima sem lengst. Samspil iðju, manneskju og umhverfis skiptir miklu máli fyrir lífsgæði, heilsu og þáttöku. Gott aðgengi að hjálpartækjum og aðlögun umhverfis er nauðsynleg þannig að fólk geti lifað sem best án hindrana. Landsfundurinn vill að stjórnvöld tryggi að efnahagur komi ekki í veg fyrir að fólk geti nýtt sér þessi tæki, og minnir sérstaklega á gleraugu og heyrnartæki.

LEB hefur gert það að sínu forgangsmáli að auka þekkingu eldri borgara á nýrri tækni m.a. með útgáfu bæklinga og félögin hafa staðið fyrir námskeiðum af myndarskap.

Búsetumál

Landsfundurinn vill leggja áherslu á að auka fjölbreytni í búsetu. Minnum þar á þjónustuíbúðir og sambýli. Einnig öryggisíbúðir, sem eru nokkuð dýr kostur en nýtist vel fyrir þá sem ráð hafa á.

Geðheilbrigðismál.

Geðheilsa aldraðra er málaflokkur sem hefur ekki verið sinnt nægjanlega og hefur verið bent á að lengi hefur staðið til að opna sérstaka geðdeild eldra fólks.

Landsfundurinn hvetur stjórnvöld til að undirbúa og stofna öldrunargeðdeild nú þegar. Sérstök geðverndarteymi eru komin nokkuð víða og er það vel, en brýnt er að til verði geðheilsuteymi

sérstaklega fyrir aldraða. Heilsugæslan er fyrsti viðkomustaður fólks sem glímir við einmanaleika, þunglyndi og kvíða. Heilsugæslulæknar hafa þjálfun í slíkri meðferð. Við fögnum aðgerðaráætlun í málefnum fólks með heilabilun og vonum að hún sé komin til framkvæmda um land allt.

Aldrei ofbeldi

Ríkislögreglustjóri hefur látið útbúa skýrslu um ofbeldi gagnvart öldruðum. Samkvæmt henni er ljóst að eldra fólk verður fyrir ofbeldi, bæði af hendi starfsmanna stofnana, aðstandanda eða fjárhaldsmanna. Ofbeldi getur verið andlegt líkamlegt eða fjárhagslegt. Starfshópurinn sem vann að skýrslunni vill fá LEB til samstarfs um áframhaldandi vinnu við þennan málaflokk.

Skiljum engan útundan

Aldraðir innflytjendur eiga á hættu að einangrast. LEB hefur hafið samstarf við Rauða krossinn um átaksverkefni til að rjúfa einangrunina. Fagna ber því að baráttumál LEB um að fólk með skerta búsetu öðlist rétt til bóta frá TR, hefur náð fram að ganga.

Einmanaleiki

LEB hefur lagt áherslu að vinna með fagaðilum gegn einmanaleika en hann getur leitt til kvíða og þunglyndis. Ráðstefna LEB í samvinnu við Heilbrigðisráðuneytið um einmanaleika síðastliðið haust var mikilvægt innlegg í þá umræðu.

Heilsuefling

Miklar framfarir hafa orðið í heilsueflingu eldra fólks og hafa sveitarfélög víða tekið við sér og styrkt slíka starfsemi. Hreyfing og heilsuefling vinna gegn ótímabærri öldrun og einmanaleika. Við hvetjum sveitarfélögin til að efla þetta starf. Nú eftir meira en árs kyrrsetu margra, er það aldrei meira áriðandi. Við fögnum nýútkominni skýrslu starfshóps um heilsueflingu aldraðra á vegum heilbrigðisráðuneytisins. Þar birtist framtíðarsýn í málaflokknum til ársins 2030 og fylgir aðgerðaráætlun skýrslunni.

Sjálfbóðaliðastarf

Landsfundurinn hvetur til þess að sjálfbóðaliðastarf verði eft, bæði með Rauða krossinum og á vegum LEB. Sjálfbóðaliðastarf er gefandi, bæði fyrir þann sem veitir og tekur á móti. Samfélagið þarf líka að hvetja til þess að yngra fólk sinni sjálfbóðaliðastörfum með eldri borgurum. Auglýsingarherferð til hvatningar sjálfbóðaliðstarfs er þarft verkefni.

Lokaorð

Margt hefur áunnist á síðustu árum. LEB hefur tekist að setja á dagskrá mörg af þeim málum sem mest hafa brunnið á eldra fólk. LEB krefst þess af stjórnvöldum á hverjum tíma, að það verði ekki liðið að aldraðir búi við fátækt og er það brýnasta verkefnið nú, að bæta kjör þessa hóps.

Ályktun stjórnar LEB um stöðu hjúkrunarheimila

Lögð fram á Landsfundi LEB 26. maí 2021

Landsfundur LEB lýsir yfir miklum áhyggjum af stöðu hjúkrunarheimila en flest þeirra eru í miklum rekstarerfileikum sem takmarkar getu þeirra til að veita þá mikilvægu þjónustu sem þeim er ætlað. Einnig lýsir fundurinn vonbriðgðum sínum með hvað hægt gengur að mæta vaxandi þörf á hjúkrunarrýmum en í dag bíða um 450 manns eftir plássi og þar af 125 sem liggja á LSH.

Landsfundurinn kallar eftir skjótum viðbrögðum stjórnvalda og krefst þess að brugðist verði við, rekstarfyrirkomulag hjúkrunarheimila endurskoðað, hraðað verði uppbyggingu nýrra heimila en jafnframt verði boðið upp á fjölbreyttari lausnir fyrir eldra fólk.

Einnig er mikilvægt að endurskoða greiðslufyrirkomulag íbúa hjúkrunarheimila, tryggja þeim fjárhagslegt sjálfstæði og gera allt ferlið gagnsætt.

Landsfundurinn lýsir yfir ríkum vilja til að koma að úrlausn mála og telur mikilvægt að eldra fólk hafi aðstöðu til að hafa áfrif á sitt eigið líf.

Nú duga ekki lengur fallleg orð, eldra fólk krefs aðgerða.

Uppstillingarnefnd LEB hefur lokið stöfum vegna stjórnarkjörs á landsfundi LEB 2021. Auglýst var eftir áhuga félagsmanna á því að starfa í stjórn LEB og fólk beðið að tilgreina hvaða stjórnarstarf það vildi inna af hendi. Tekið var við þessum tillögum og ábendingum til 25. apríl eins og auglýst hafði verið bæði á heimasíðu LEB og í bréfi til allra formanna aðildarfélaga LEB. Þó nokkrir höfðu samband við uppstillingarnefndina og gáfu kost á sér.

Störf í stjórn sem nú á að skipa í að nýju eru: Formaður kosinn til tveggja ára; tveir í aðalstjórn kosnir til tveggja ára; þrír í varastjórn kosnir til eins árs hver.

Eingöngu barst eitt framboð til formanns.

Eftir mikla yfirlegu og samræðu þar sem uppstillingarnefnd horfði til ýmissa þátta, eins og búsetu, reynslu af ýmis konar félagsmálastörfum, tengslum við stjórn félags eldri borgara, kynferðis o.fl. hefur uppstillingarnefnd einróma komist að meðfyljandi tillögu að skipan stjórnar LEB starfsárið 2021 – 2022:

Tillaga uppstillingarnefndar um stjórn LEB 2021 - 2022

Aðalstjórn

Helgi Pétursson formaður	Kosinn nú til 2ja ára
Valgerður Sigurðardóttir, Hafnarfjörður	Situr áfram 1 ár
Ingibjörg H. Sverrisdóttir, Reykjavík	Situr áfram 1 ár
Drífa Jóna Sigfúsdóttir, Reykjanesbær	Kosinn nú til 2ja ára
Þorbjörn Guðmundsson, Reykjavík	Kosinn nú til 2ja ára

Varamenn

Ingólfur Hrólfsson, Mosfellsbær	Kosinn nú til 1 árs
Ásgerður Pálsdóttir, Blönduós	Kosinn nú til 1 árs
Ragnar Jónasson, Kópavogur	Kosinn nú til 1 árs

Skoðunarmenn reikninga

Ástbjörn Egilsson	Kosinn nú til 1 árs
Árni Jósep Júlíusson	Kosinn nú til 1 árs

Varaskoðunarmenn reikninga

Hildigunnur Hlíðar	Kosinn nú til 1 árs
Guðrún Ágústsdóttir	Kosinn nú til 1 árs

Rétt er að vekja athygli á því að þeir sem gáfu kost á sér til stjórnarsetu í aðalstjórn og varastjórn LEB fyrir tilskilinn frest, en er ekki stillt upp af uppstillingarnefnd eiga möguleika á að bjóða sig fram á landsfundinum, kjósi þeir svo.

Þau sem einnig gáfu kost á sér: Halldór Gunnarsson Hvolfsvöllur í aðalstjórn; Kolbrún Linda Ísleifsdóttir Reykjavík í aðalstjórn eða varastjórn; Magnús Þór Einarsson Reykjanesbær ótilgreind stjórnarstörf.

Uppstillingarnefnd LEB 2021 skipa: Haukur Halldórsson formaður Akureyri, Stefanía Magnúsdóttir ritari Garðabæ, Ómar Kristinsson Kópavogi, Sigurbjörg Gísladóttir Reykjavík og Guðrún Eyjólfsdóttir Reykjanesbær.

